

Verkefni 4

Sjálfbær þróun trésins

Þetta er hópaverkefni – fyrir litla hópa (3-4)

Nemendur setjast saman með blað sem þeir geta skrifað hugmyndir sína á. Tilgangur verkefnisins er að ræða nokkrar spurningar sem þeir fá og skrifa svörin á blaðið. Þau hafa til hliðsjónar plastaða örk með 4 myndum (mynd af dauðu tré sem liggur á jörð, mynd af rekaviði, mynd af tré í sögunarmyllu og mynd af bók) – kennarinn heldur eftirfarandi dæmum af svörum fyrir sig og bætir inni umræðuna eftirá þegar hann er búinn að safna saman svörum hópanna.

Spurning 1: Þegar tré eru felld eða deyja sjálf og eru ekki fjarlægð, þá halda þau áfram að hafa tilgang í vistkerfinu fyrir önnur dýr og lífverur. Ræðið saman og komið með hugmyndir um það hvernig tréð nýtist lífríkinu og okkur mönnunum?

(t.d. felustaður, næring, búsvæði, skjól, framleiðsla fyrir nýtt líf (sveppagróður), og leikfang fyrir börn (æfa jafnvægi, hoppa yfir) og sæti fyrir fólk....

Spurning 2: Tré eru höggvin til að framleiða ýmsa nytjahluti – þekkið þið einhverja hluti sem hafa verið framleiddir úr trjáum?

(húsgögn, hús, bækur, blýantar, verkfæri, eldhúsáhöld, ritföng (allskyns pappír), mandarínukassar, umbúðir utanum vörur, pappakassar, o.fl.

Spurning 3: Það er mjög margt sem við framleiðum úr pappír, pappa og við. Jafnvel of mikið. Þá þurfum við að fella tré og skóga. Hvernig getum við dregið úr því?

(vera dugleg að setja pappír og pappa í endurvinnslu svo að hann nýtist til að búa til aðra hluti; nýta pappír vel – prenta á báðar hliðar, klippa niður í minnismiða; kaupa ekki vörur sem eru búnar til úr sjaldgæfum trjáum; kaupa vörur frá löndum sem eru dugleg að planta nýjum trjáum í staðinn fyrir þau sem felld eru – t.d. Svíþjóð og Finnland)